

stendur að gerð bókar um Erró og sagði Haraldur J. Hamar framkvæmdastjóri útgáfunnar að undirbúningur verksins hefði hafist fyrir tveim árum. Erró valdi sjálfur allar myndirnar og fylgdist með litgreiningu þeirra og prentun bókarinnar.

I útgáfu Iceland Review sem nú kemur í bókabúðir er bókin með enskum inngangstexta enda er fyrirhugað að koma henni á markað erlendis. Forlagið seldi Bókaklúbbi Almenna bókafélagsins íslenska útgáfu bókarinnar og voru báðar útgáfur bókarinnar framléiddar samtímis.

Brynjólfur Bjarnason framkvæmdastjóri Almenna bókafélagsins sagði, að íslenska útgáfan hefði verið prentuð í 4.500 eintökum og hún hefði selst upp fyrirfram. Félagsmönnum í Bókaklúbbi AB var gefinn kostur á að kaupa bókin þegar útgáfan var ákveðin og voru undirtektir slíkar að upplagið seldist allt þegar í stað áður en listaverkabókin kom til landsins.

Einstæð bók

Eins og Erró tók fram í upphafi er þetta vandaðasta bók sem út hefur komið um verk hans. Erlendis hafa verið gefnar út bækur um verk listamannsins en í þessari bók eru 58 myndir í fullum litum. Í öðrum bókum hefur jafnan verið talsvert af svart/hvítum myndum sem að sjálfsgöðu ná ekki fram áhrifum litmyndanna.

Útgefendurnir Haraldur J. Hamar og Brynjólfur Bjarnason rómdu mjög samstarfið við Erró, Braga Asgeirsson, Matthías Johannessen og Eddu Sigurðardóttir hjá Auglýsingastofunni hf. sem annaðist hönnun bókarinnar. Prentstofa G. Benediktssonar setti bókinu á prentun og band er unnið hjá

itölsku fyrirtæki. Þetta er fyrsta listaverkabókin sem Bókaklúbbur AB gefur út og sagði Brynjólfur Bjarnason að endurprentun bókarinnar væri í athugun. Eins og áður segir kemur enska útgáfan hins vegar í bókabúðir í dag eða á morgun.

Sýnishorn 20 ára

Erró valdi myndir í bókina og eru þær allt frá árinu 1959 til dagsins í dag. Í samtali við blaðamann Vísis sagði listamaðurinn að myndir af sumum listaverkanna hefðu verið til á filmum en aðrar myndir voru teknar sérstaklega fyrir bókina.

— Nú hefur þú sagt að þú sýnir bara verk þin en útskýrir þau ekki. Margir vilja fá skýringar þínar með myndunum.

„Vissulega hefði ég kosið að skýringatextar fylgdu í bókinni. En margar myndanna í bókinni eru á sýningunni á Kjarvalsstöðum og þar er hægt að fá sýningarskrá þar sem sagt er frá málverkunum. Með þessa sýningaskrá getur fólk notið myndanna betur“.

— Ferðu aftur utan eftir opnun sýningarinnar?

„Fyrst ætla ég að fara hringveginn með vinum mínum og skoða landið. Einu sinni kom ég ekki heim í níu ár og það er langur tími. Síðan fer ég til New York í stutta ferð og svo til Spánar“.

— Þú hefur sagt að málverkin lifi áfram í bókinni eftir að sýningunni lýkur, skaut Matthías inn í.

„Já, það er rétt. Myndir í bókum og á póstkortum hefur fólk áfram hjá sér og öll slík útgáfa er nauðsynleg“, sagði Erró um leið og hann lýsti enn yfir ánægju sinni með hve bókinn nýja væri vönduð að allri gerð og frágangi. SB

„Engar viðræður hafnar ennþá“

— segir Valdimar Indriðason, D-lista á Akranesi

„Mér vitanlega eru engar viðræður hafnar milli flokka um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn hér“, sagði Valdimar Indriðason efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins á Akranesi.

Samkvæmt ákvæðum í bæjarmálasamþykkt Akraneskaupstaðar á að halda fyrsta fund í bæjarstjórn 12. júní næstkomandi

og bjóst Valdimar frekar við því að málin yrðu skýrari þá en viðræður væru ekki hafnar enn svo sem áður er sagt.

Á síðari hluta kjörtímabilsins störfuðu Sjálfstæðisflokkur, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag saman í bæjarstjórnarmeirihluta á Akranesi. —H.L.

„Línurnar fara að skýrast fljótlega“

— segir Tómas Tómasson, D-lista í Keflavík

„Það verða fundir hjá öllum flokkum í dag og eftir það fara nú línurnar líklega að skýrast í sambandi við meirihlutamyndun“, sagði Tómas Tómasson efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins um meirihlutamyndun þar en á síðasta kjörtímabili voru Framsóknarmenn og Sjálfstæðismenn saman í meirihlutasamstarfi.

Tómas sagði að venjan væri að

bæjarstjórn kæmi ekki saman fyrr en flokkar hefðu komið sér saman um meirihlutasamstarf en nú yrði líklega haldinn fundur í bæjarstjórninni fyrr til að gera út um kjörskrárkerur sem borist hefðu.

Tómas vildi ekkert segja um það hvaða flokkar hann teldi líklegt að störfuðu saman í bæjarstjórn að þessu sinni. —H.L.

Íþrótt- og leikjánaðmskeið fyrir börn

Íþrótt- og leikjánaðmskeið fyrir börn á aldri 6-9 ára og 10-12 ára hefjast í Reykjavík í dag.

Náðmskeiðin munu fara fram á níu stöðum í borginni. Þeir aðilar sem fyrir þeim standa eru Íþróttabandalag Reykjavíkur, Leikvallanefnd Reykjavíkur,

Æskulyðsráð Reykjavíkur og Íþróttaráð Reykjavíkur.

Þátttakendur á síðasta ári voru um sex hundruð og komu þá margir efnilegir íþróttamenn í ljós en náðmskeiðinu lýkur með Íþróttamóti fyrir 10-12 ára börn á Melavellinum þann 15. júní. —KS

Verðbólgan 42,5% á ári

Verðbólgan frá 1. maí 1977 til 1. maí 1978 reyndist 42,8% en Þjóðhagsstofnun hafði spáð því að hún yrði á þessum 12 mánuðum 40%. Í spá hennar var jafnframt gert ráð fyrir því að verðbólgan myndi minnka á síðari helmingi þessa árs, þannig að hún yrði e.t.v. á

bilinu 30-35%. Haft var samband við Ólaf Davíðsson og hann inntur eftir því hvort þær forsendur sem þessi spá var byggð á hefðu breyst eitthvað að ráði. Hann sagði að í aðalatriðum væru þær forsendur óbreyttar sem spáin hefði verið byggð á. Þær launa-



hækkanir sem yrðu 1. júní breyttu þar ekki miklu um. En Ólafur reiknaði þó fremur með því að verðbólgan á þessu ári yrði við efri mörkin það er 35%.

Verðbólgan er reiknuð sem árs-hækkun vísitölu framfærslukostnaðar. —BA

Þrjár góðar



Z325



Z302



Z325 Mjög kraftmikil ryksuga (loftflæði 2.0 rúmm/min.) Hún slekkur sjálfkrafa á sér, þegar pokinn er fullur. Dregur snúruna inn í hjólið. Vegur aðeins 7 kg. og er með 6 m. langa snúru.

Z305 Kraftmikil ryksuga (loftflæði 1.9 rúmm/min.) Hún sýnir hvenær pokinn er fullur. Snúran dregst inn í hjólið. Pokinn er sjálflokandi þ.e. rykið dreifist ekki þegar skipt er um poka. Vegur 7 kg og er með 6 m langa snúru. Verð kr. 67.500.-

Z302 Mjög ódýr og meðfærileg ryksuga en með góðan sogkraft (loftflæði 1.65 rúmm/min.) Vegur 5.7 kg og er með 7 m langa snúru. Verð aðeins kr. 52.500.-



Vörumarkaðurinn hf.
ARMÚLA 1A, SÍMI 86112, REYKJAVÍK.